

77. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 24. september 2024, kl. 15:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: S. Guðrún Hauksdóttir formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Jón Kort Ólafsson, Ida Semey fulltrúi kennara, Hanna Valdís Hólmarsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Katrín Freysdóttir boðaði forföll og ekki náðist í varamann. Íris Hauksdóttir mætti ekki og boðaði ekki varamann.

Dagskrá

1. Dagsetning funda vetrarins

Skólameistari lagði fram dagsetningar fyrir skólanefndarfundi vetrarins. Miðað er við að fundir séu fjarfundir þriðja þriðjudag annan hvern mánuð, kl. 15. Fundarboð verða send út fyrir veturinn.

2. Kjör formanns

Tillaga kom um Jón Kort Ólafsson sem formann og Dóróþeu Reimarsdóttur sem varaformann. Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir samninga sem eru í gildi

Skólameistari fór yfir þá samninga sem eru í gildi. Engir nýir samningar hafa verið gerðir frá síðasta ári. Samningana má finna á heimasíðu skólans undir Samningar. Dóróþea spurði út í gildistíma samninga, einkum við grunnskólana með það í huga hvort ástæða væri til endurskoðunar. Skólameistari tók undir að gott væri að fara yfir samningana þar sem einhverjir eru úreltir.

4. Rekstrarstaða

Skólameistari fór yfir rekstrarstöðu skólans eins og hún er nú. Lagður var fram ársreikningur 2023 sem einnig má finna á heimasíðu. Fjárhagsstaðan er í lagi á þessum tímapunkti. Umræður urðu um fjárframlög og styrki.

5. Sjálfsmat

Aðstoðarskólameistari gerð grein fyrir stöðu sjálfsmats skólans fyrir skólaárið 2022-2023. Sjálfsmatsskýrslu hefur verið skilað til ráðuneytis og hana má finna á vef skólans.

6. Tengsl við atvinnulíf

Skólameistari upplýsti að ekkert nýtt hefði verið gert í tengslum við atvinnulíf á árinu. Þó er alltaf eitthvert samstarf við aðila í nærsamfélaginu vegna erlendra samstarfsverkefna og hefur það gengið vel.

7. Önnur mál

7.1 Erlend verkefni

Lára og Ida gerðu grein fyrir þeim erlendu verkefnum sem nú eru í gangi. Bæði er um að ræða verkefni sem kennarar taka þátt í og nemendaverkefni. Kennarar taka m.a. þátt í verkefni þar sem tilgangurinn er að efla félagslega sjálfbærni og halda drengjum

Í framhaldsskólum en rannsóknir sýna að þeir eru í talsverðri hættu á að falla út úr námi. Einnig er kennari á leið í starfsspeglun (job shadowing) í Noregi. Þá verður Nordplus-verkefni sem tengist menningararfi í miðannarvikunni. Það verkefni er í samstarfi við skóla í Saldus í Lettlandi sem áður hefur unnið með okkur. Nemendur munu koma í heimsókn hingað í vikunni. Þá er síðasti hluti verkefnisins *Becoming a biomaker school* í gangi á þessari önn og nemendur okkar á leið til Króatíu.

7.2 Nýr starfsmaður

Skólameistari upplýsti að vegna óvæntra aðstæðna hafi þurft að ráða inn stuðningsaðila með litlum fyrirvara.

7.3. Skipunartími skólameistara

Lára upplýsti að 5 ára skipunartíma hennar lyki þann 1. mars n.k. Þar sem ráðherra hefur ákveðið að auglýsa ekki stöðu hennar gerir hún ráð fyrir að starfa til sjötugs, þ.e. tvö ár til viðbótar.

7.4 Friðardagar

Ída upplýsti að í síðustu viku hefði verið haldið upp á alþjóðadag friðar sem var 21. september. Í vikunni var dagskrá með fræðslu í þrjú daga sem var vel heppnuð. Hanna Valdís sagði frá því að þessi dagskrá hefði verið mjög fræðandi en tíminn hefði verið heldur langur. Ída sagði að þegar haldið verður upp á næsta alþjóðadag verði styttri tími tekinn í verkefnið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:15.